

404. fundur

Bæjarráð Stykkishólms hélt fund fimmtudaginn 2.mars 2006 kl. 17:00 í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Elísabet L. Björgvinsdóttir, formaður
Rúnar Gíslason,
Davíð Sveinsson,
Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Formaður setti fund og fól síðan bæjarstjóra fundarstjórnun.

1. Fundargerðir nefnda.
 - 1.1. Fræðslunefnd, dags. 18.1.2006.
Fundargerð framlögð og samþykkt.
 - 1.2. Skipulags- og byggingarnefnd, dags. 14.2.2006.
Fundargerð framlögð liður 1 samþykkt að Stykkishólmsbær sjái um gatnagerð á svæðinu, liðir 2, 3, 4, 7, 8, 9, 10 og 11 samþykktir og fundargerð samþykkt.
 - 1.3. Safna- og menningarmálanefnd, dags. 7.1. og 1.3.2006.
Fundargerðir framlagðar og samþykktar.
2. Aðrar fundargerðir.
 - 2.1. 65. fundargerð Breiðafjarðarnefndar, dags. 13.1.2006
Fundargerð framlögð.
 - 2.2. 56. fundur félagsmálanefndar Snæfellinga, dags. 9.2.2006.
Fundargerð framlögð.
 - 2.3. 46. fundur stjórnar SSV, dags. 27.1.2006.
Fundargerð framlögð.
3. Uppsagnarbréf.
 - 3.1. Bréf Sigurlínu Sigurbjörnsdóttur, dags. 26.2.2006.
Bréf framlagt.
 - 3.2. Bréf Birnu Pétursdóttur, dags. 27.2.2006.
Bréf framlagt.
 - 3.3. Bréf Rafns J. Jóhannssonar, dags. 27.2.2006.
Bréf framlagt.
4. Bréf Ægis Jóhannssonar, dags. 23.2.2006, vegna brotthvarfs úr safna- og menningarmálanefnd.
Bréf framlagt.
5. Bréf Sigrúnar Þórsteinsdóttur leikskólastjóra, dags. 27.2.2006, varðandi sérkennslu og stöðu sérkennslustjóra í leikskólanum í Stykkishólmi.
Samþykkt að taka upp stöðu sérkennslustjóra við leikskólann í Stykkishólmi frá 1. mars 2006.
6. Reglur Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga:
 - 6.1. Viðmiðunarreglur fyrir heimaþjónustu við fjölbura fjölskyldur.
Framlagt og samþykkt.
 - 6.2. Reglur um heimaþjónustu á Snæfellsnesi.
Framlagt og samþykkt.
 - 6.3. Reglur um liðveislu.
Framlagt og samþykkt.

7. Drög að gjaldskrá og reglum fyrir geymslusvæði Stykkishólmsbæjar.
Reglur og gjaldskrá fyrir geymslusvæði Stykkishólmsbæjar samþykktar.
8. Endurskoðun á samþykkt um forkaupsrétt Stykkishólmsbæjar að fasteignum innan sveitarfélagsins.
Endurskoðun um forkaupsrétt Stykkishólmsbæjar að fasteignum innan sveitarfélagsins samþykkt.
9. Bréf Sóknarnefndar Stykkishólmskirkju, dags. 9.2.2006, varðandi fasteignagjöld 2006.
Samþykkt að veita Sóknarnefnd Stykkishólmskirkju styrk að upphæð kr. 105.880 vegna fasteignagjalda. Sóknarnefnd er bent á Orkuveitu Reykjavíkur varðandi niðurfellingu á vatnsgjaldi.
10. Bréf Braga Jósefssonar, dags. 9.2.2006, varðandi styrk vegna ritunar á íbúasögu Stykkishólms.
Samþykkt að kaupa bækur af Braga fyrir kr. 200.000.
11. Samningur við Helgafellssveit um rekstur skólastofnana.
Samþykkt að óska eftir endurskoðun á samningi við Helgafellssveit um rekstur skólastofnana og verði þeirri endurskoðun lokið á þessu ári.
12. Tilnefning í stýrihóp um stækkun grunnskóla og byggingu tónlistarskóla.
Samþykkt að tilnefna Elínu Bergmann Kristinsdóttur.
13. Umsókn um lóðir við Tjarnahólma 3, 4 og 6 frá Skipavík hf.
Umsókn hafnað þar sem þessar lóðir eru ekki til úthlutunar, Davíð sat hjá.
14. Ræktunarland við Borg.
Samþykkt að fá mat á ræktunarlandi við Borg.
15. Fyrirspurn frá Rúnari Gíslasyni varðandi Veðursafn.
Fyrirspurn vísað til næsta bæjarstjórnarfundar.
16. Umsókn um að gerast aðili að Hansa-verslunarborgum.
Samþykkt að sækja um aðild.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl.19:20

Þór Örn Jónsson, bæjarritari